

# **Huga umsjónarkennarar að ólíkum þörfum nemenda sinna þegar þeir undirbúa kennslu**

Guðlaug Ragnarsdóttir

Lokaverkefni til B.Ed.-prófs í Grunnskólakennarafræði  
Leiðsögukennari: Ragnar Ingi Aðalsteinsson

Kennaradeild  
Menntavísindasvið Háskóla Íslands  
Júní 2011

Huga umsjónarkennarar að ólíkum þörfum nemenda sinna þegar þeir undirbúa kennslu.

Ritgerð þessi er 10 eininga lokaverkefni til B.Ed.-prófs við kennaradeild, Menntavísindasviði Háskóla Íslands.

© 2011. Guðlaug Ragnarsdóttir

Ritgerðina má ekki afrita nema með leyfi höfundar.

Prentun: Bóksala kennaranema á Menntavísindasviði  
Reykjavík, Ísland 2011

## Útdráttur

Við vinnslu þessa verkefnis var leitast við að að svara spurningunni hvort umsjónarkennarar séu að huga að ólíkum þörfum nemenda sinna við undirbúning kennslu. Til þess að reyna að svara því var lögð fyrir spurningakönnun. Skoðaðir voru þrjár stærstu grunnskólana í Fjarðabyggð. Umsjónarkennarar í skólunum þremur svöruðu stuttum spurningalista. Megin tilgangur með spurningalistanum var að skoða hversu miklum tíma kennarar eyða í undirbúning og í hverju undirbúningurinn felst. Ólíkar þarfir nemenda til náms ýta undir þörfina fyrir einstaklingsmiðað nám. Allir nemendur eiga rétt á að fá nám við sitt hæfi og því vakti það áhuga minn að skoða hvort umsjónarkennarar hugsi um þarfir hvers og eins þegar þeir undirbúa kennslu sína. Kennsluaðferðir eru einnig ein leið sem umsjónarkennarar hafa til að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda.

Ef kennarar skipuleggja einstaklingsmiðað nám þá þurfa þeir að vera með fjölbreyttar kennsluaðferðir í kennslu sinni, þannig að undirbúningur er lykillinn að því að kennarar hugsi um ólíkar þarfir nemenda sinna. Flestir umsjónarkennarar í Fjarðabyggð virðast nýta undirbúningstímann sinn vel og eyða um 9 klukkustundum eða meira í undirbúning á viku.

Meira en helmingur þeirra hefur gert einstaklingsnámskrá en nýtir sér það ekki almennt. Fjölbreyttar kennsluaðferðir eru notaðar af umsjónarkennurum í Fjarðabyggð og er samvinnunám algengasta aðferðin.

## Efnisyfirlit

1.	Inngangur .....	5
2.	Námskenningar.....	6
2.1.	Dewey.....	6
2.2.	Vygotsky .....	6
2.3.	Piaget .....	7
2.4.	Gardner.....	7
3.	Fjölbreyttar kennsluaðferðir .....	8
3.1.	Útlistunaraðferðir .....	8
3.2.	Umræðu- og spurnaraðferðir .....	9
3.3.	Innlifunaraðferðir og tjáning .....	9
3.4.	Leitaraðferðir.....	10
3.5.	Hópvinnubrögð .....	10
3.6.	Sjálfstæð skapandi verkefni .....	11
3.7.	Aðrir flokkar.....	12
4.	Umsjónarkennarinn.....	12
5.	Skipta kennsluaðferðir máli.....	14
6.	Einstaklingsmiðað nám.....	15
7.	Skólarnir þrír .....	15
7.1.	Nesskóli Neskaupstað .....	15
7.2.	Grunnskóli Eskifjarðar.....	16
7.3.	Grunnskóli Reyðarfjarðar.....	17
8.	Niðurstöður rannsóknar .....	18
8.1.	Skólarnir.....	18
8.2.	Kynjahlutfall .....	19
8.3.	Undirbúningstími .....	19
8.4.	Einstaklingsmiðað nám .....	21
8.5.	Kennsluaðferðir.....	22
8.6.	Fjölgreindarkenning Gardners .....	25
9.	Samantekt .....	25
10.	Lokaorð.....	26
	Heimildaskrá.....	28

## 1. Inngangur

Mikil umræða hefur verið um það undanfarið hvernig draga megi úr kostnaði í fræðslumálum. Sveitafélög sem reka grunn- og leikskóla hafa verið að huga að þessu í sinni fjárhagsáætlunargerð enda útgjöld til fræðslumála um eða yfir helmingur af útgjöldum sveitafélaga (Heimasíða Fjarðabyggðar, 2010).

Enginn vill þó draga úr þjónustu við börnin og því tala menn um að hagræða í staðinn fyrir að skera niður (Halldór Halldórsson, 2011:5). Aðalatriði þessarar ritgerðar er ekki að koma með fjárhagslegar lausnir fyrir þessi sveitafélög, heldur kannski að kanna hvort ekki megi standa betur að einstaklingsmiðaðri kennslu með minna mannahaldi (færri stuðningsúrræðum). Þetta leiðir þó allt að einu og það er möguleikinn til hagræðingar, því að hægt væri að fækka stuðningsfulltrúum og þar með lækka launakostnað. Ég er reyndar á þeirri skoðun eins og fleiri að laun kennara séu allt of lág og því mætti hugsa sér að hluti af þeirri hagræðingu sé að minnka stuðning í bekkjum en auka undirbúningstíma fyrir kennara. En aðalatriðið er hér að kanna hvort hver og einn kennari geti ekki aukið fagmennsku sína með því að huga að þörfum allra nemenda sinna í undirbúningi. En með hvaða hætti er hægt að auka fagmennsku? Hér koma fyrst upp í hugann þær aðferðir sem kennarar beita í kennslu sinni, það er, þær kennsluáðferðir sem þeir nota.

Í fyrri hluta þessarar ritgerðar verður farið yfir hvernig börn læra og hversu mikilvægar kennsluáðferðir eru fyrir nemendur. Verður þetta tengt við ýmsar rannsóknir sem komið hafa fram í tímans rás. Í seinni hluta ritgerðarinnar birti ég mína eigin rannsókn og reyni að varpa ljósi á stöðu umsjónarkennara í mínu sveitafélagi. Þetta geri ég með hliðsjón af fræðilega hlutanum í fyrri hluta ritgerðarinnar. Nýta umsjónarkennarar sér þær fjölbreyttu kennsluáðferðir til að uppfylla mismunandi kennsluþarfir nemenda sinna. Undirbúningstími kennara skiptir miklu máli varðandi það hvernig þeir verja tímanum í kennslustundum.

Í dag er algengt að skólar komi til móts við „erfiðu“ nemendurna annað hvort með því að fá manneskju til að aðstoða eða nemandi er sendur út úr tíma. Er þetta virkilega sú lausn sem kennarar vilja beita? Væri ekki betra að fá tíma til að undirbúa hverja kennslustund út frá þörfum hvers og eins. Piaget, Vygotsky og Dewey voru allir á sama máli um það að börn læra á mismunandi hátt. Dewey talaði um að börn læri með því að framkvæma. Vygotsky talaði um að fyrri reynsla skipti máli til að hægt sé að bæta við þekkingu. Piaget talaði um að reynsla byggðist upp á nýjum hlutum sem verða á vegi okkar í umhverfinu. Howard Gardner setti fram fjölgreindarkenninguna árið 1983 þannig að það eru engin ný fræði að við lærum ekki öll eins og höfum ekki sömu leiðir til að skilja.

## 2. Námskenningar

Ýmsar námskenningar hafa komið fram á sjónarsviðið. Þessar kenningar geta leiðbeint kennurunum um það hvernig þeir eiga að setja kennsluna upp og hvernig er best að fara að.

### 2.1. Dewey

John Dewey sagði að virkja ætti nemendur og vekja áhuga þeirra á náminu með því að nota reynsluheim þeirra. Einkunnarorð John Deweys voru „learning by doing“ eða að börn lærðu með því að framkvæma. Hann sagði að nemendur mundu læra af eigin reynslu. Umhverfi hvers og eins mótar reynsluheim nemenda. Kennarar ættu að nýta sér athafnir úr hinu daglega lífi í sinni kennslu (Bell, Harkness og White, 2007:15-16).

Dewey talaði um að samband væri milli ígrundaðrar hugsunar og reynslu sem fólk þróar með sér í gegnum lífið. Hann taldi að börn ættu að fást við raunveruleg verkefni og byggja lausnir á fyrri reynslu. Á þann hátt fengju börnin raunhæfa menntun (Joyce, Weil og Calhoun, 2000:13-16).

*Hann sagði að allt nám mundi eiga sér stað með tilstyrk reynslu og hann skilgreindi reynslu sem raunverulega lífsreynslu einstaklings (Jóhanna Einarsdóttir, 2007:80).*

Ef við skoðum kenningu Deweys þá hvetur hann kennara til að skipuleggja kennslu þar sem reynsla nemenda nýtist. Kennarar ættu því að byggja kennsluna upp þannig að nemandinn sé alltaf að byggja á fyrri reynslu.

Skólastarfið á að taka mið af þeirri reynslu, sem nemendur koma með inn í skólann, til að þau geti byggt upp reynslu sem er einhvers virði fyrir þau (Jóhanna Einarsdóttir, 2007:81).

### 2.2. Vygotsky

Vygotsky sagði að það sem við lærum mótist af því hvað við höfum nú þegar lært. Samkvæmt námskenningum hans er nauðsynlegt að kennarinn leiti eftir að skapa ríkt félagslegt umhverfi sem er hvetjandi til náms bæði í gegnum samskipti við kennarann og einnig á milli nemenda. Hann taldi lærdómsskilning eiga uppruna í félagslegu athæfi sem væri í beinum tengslum við tungumálið. Í kennslustofunni nota nemendur tungumálið til að leysa verkefni og spurningar og því flóknari sem verkefnin verða því mikilvægara er hlutverk tungumálsins (Bell, Harkness og White, 2007:15-16). Fyrri reynsla skiptir miklu máli í kenningum Vygotskys. Kennarar þurfa að vera meðvitaðir um hvað nemendur hafa lært áður til að geta byggt ofan á þann grunn og búið til nýja reynslu eða þekkingu. Ef horft er til námskrár sem miðast við hvern og

einn einstakling þá getur kennari gert sér betri hugmynd um hvert nemendur eru komnir í náminu í staðinn fyrir að horfa á bekkjarheildina. Einstaklingsmiðað nám er því gott til að einstaklingar fái nám við sitt hæfi og að reynsla sem fyrir er nýtist til að búa til nýja.

Vygotsky hafði mikinn áhuga á samskiptum barna og fullorðinna. Samkvæmt kenningum hans er mikilvægt hvernig félagsleg samskipti eru notuð í kennslu og uppeldi. Þegar börn hafa samskipti hvert við annað, tileinka þau sér getu og þróa vitsmunalega hæfni sína. En í samskiptum við fullorðna þróa börn með sér kunnáttu. Barnið þarf ávallt einhvern leiðbeinanda, sem hefur meiri reynslu og hæfni en barnið sjálft. Ef barn á að ná að þroskast vitsmunalega þarf það að taka þátt í vitsmunalegum samskiptum við fullorðna og eiga í samskiptum við börn sem lengra eru komin í þroska (Johansen og Brynhildsen, 1998:35).

### 2.3. Piaget

Grundvallar hugmyndir Piaget byggja á því að barn gengur í gegnum þroskastig hugsunar, lokastigið er fullorðinsstigið. Í þessu ferli er barnið að mynda sér hugmyndir um heiminn í gegnum reynslu sína. Vitsmunapróski hefst hjá barni þegar það öðlast reynslu og uppgötvar nýja hluti sem verða á vegi þess í umhverfinu. Einnig var hann á því að nám þyrfti að vera ápreifanlegt og samræður milli nemenda myndi efla skilning þeirra (Bell, Harkness og White, 2007:15-16).

Helstu áherslur kenninga Piaget eru að barnið sé virkt í þroska sínum og að það byggi upp þekkingu sína sjálft. Barnið skapi umhverfi sitt með því að leita eftir örvun og reynslu og því sé skynjun barna öðruvísi en hjá fullorðnum. Piaget skipti þroskanum niður í fjögur þroskastig þar sem eitt leiddi af öðru. *Skynhreyfistig 0-2 ára, foraðgerðastig 2-6/7 ára, stig hlutbundinna aðgerða 7-11 ára og stig formlegra aðgerða 11/12 ára og eldri*. Einstaklingurinn fer í gegnum þessi stig í þessari röð (Joyce, Weil og Calhoun, 2000:262-266).

Eins og Vygotsky segir þá er fyrri reynsla mikilvæg en einnig þurfa einstaklingar að búa til sinn eigin reynslubanka. Fjölbreyttar kennsluáðferðir eru líklegar til að reynast vel hér. Ef kennari notar fjölbreyttar kennsluáðferðir þá eru meiri líkur á að hann nái að höfða til allra sinna nemenda. Ef kennari hugsar um þarfir ólíkra einstaklinga þá gæti hann sett upp fjölbreytt verkefni sem höfða til ólíkra þarfa nemenda.

### 2.4. Gardner

Það er svo mismunandi hvaða kennsluáðferðir henta hverjum og einum. Því er gagnlegt að hafa fjölbreyttar námsleiðir í boði. Howard Gardner skipti greind manna í nokkur svið. Fjölgreindarkenningin byggir á því að greind mannsins samanstandi af 8 eða fleiri jafngildum greindarsviðum. Þessi svið þroskast mismunandi og á ólíkum tíma hjá hverri manneskju. Þau

eru samtengd, þ.e. ef eitt greindarsvið þróast þá þroskast hin. Einstaklingar læra á mismunandi hátt eftir því hvaða greindarsvið eru sterkust hjá þeim og þeir bregðast misvel við kennsluaðferðum. Með því að skoða greindirnar má átta sig á því á hvaða sviði hæfileikar einstaklingsins liggja. Í raun starfa allar greindirnar saman en með því að taka þær úr samhengi má átta sig á kjarnanum í hverri greind fyrir sig.

**Málgreind;** vísar til hæfileikans til að fara með orðið, bæði í töluðu og rituðu máli.

**Rök- og stærðfræðigreind;** vísar til hæfileikans til að nota tölur, bæði árangursríkt og með rökrænni hugsun.

**Rýmisgreind;** vísar til hæfileikans til að skilja hið rúmfræðilega umhverfi sjónrænt og umskapa skynjun sína.

**Líkams- og hreyfigreind;** vísar til hæfileikans til að nota líkamann, bæði til tjáningar og til leikni.

**Tónlistargreind;** vísar til hæfileikans til að skynja, meta, skapa og tjá tónlist.

**Samskiptagreind;** vísar til hæfileikans til að skilja skap, fyrirætlanir, tilfinningar og innri hvöt annarrar manneskju.

**Sjálfsþekkingargreind;** vísar til hæfileikans til að þekkja sjálfan sig og nota þá þekkingu í lífi og leik.

**Umhverfisgreind;** vísar til hæfileikans til að greina og flokka jurta- og dýraríkið eða form í náttúrunni.

**Tilvistargreind;** vísar til hæfileikans til að bera umhyggju fyrir grundvallarmálefnum lífsins (Armstrong, 2001;13-16). Þegar umsjónarkennari undirbýr kennslu þarf hann að gera sér grein fyrir hvar styrkleiki hvers nemanda liggur.

### 3. Fjölbreyttar kennsluaðferðir

Ingvar Sigurgeirsson (1999b) skiptir kennsluaðferðum í ákveðna flokka. Í þessum kafla ætla ég að telja upp helstu flokkana og skoða aðeins kosti og galla þessara kennsluaðferða ef horft er til nemenda og kennara.

#### 3.1. Útlistunaraðferðir

**Árangursmiðaðar aðferðir og bein kennsla.** Kennarinn miðlar til nemenda þekkingu sem þeir nota svo til að vinna verkefni. Fyrirlestrar, sýnikennsla, sýningar og skoðunarferðir eru aðferðir sem tilheyra þessum flokki. Nemendur fá allir sömu upplýsingar til að vinna verkefni.

**Fyrirlestrarformið** er algengast í þessum flokki. Nemendur eru oft óvirkir í fyrirlestrum og erfitt er fyrir suma nemendur að halda athygli. Ingvar talar um það að fyrirlestrar eru oft



ofnotaðir og illa fluttir oft á tíðum. Góður fyrirlestur er góð kennsluaðferð þegar miðla þarf ákveðnum upplýsingum og vekja áhuga nemenda. Ef kennarar vilja flytja stuttan fyrirlestur í kennslu þarf hann að hafa í huga að virkja þarf nemendur með ýmsum spurningum og láta þá ræða saman í litlum hópum. **Sýnikennsla** er algeng í t.d stærðfræði, heimilisfræði og í list- og verkgreinum. Kennarinn sýnir tiltekin vinnubrögð eða aðferðir og nemendur vinna svo ákveðið verkefni. **Skoðunarferðir**, þá fara nemendur t.d. í heimsóknir í fyrirtæki eða söfn og skoða eitthvað út í náttúrunni. Kennarinn er eins og leiðsögumaður og þarf því að vera vel undirbúinn (Ingvar Sigurgeirsson, 1999b:52-69).

### 3.2. Umræðu- og spurnaraðferðir

**Umræður** eru mikið notaðar í kennslu. Kennarinn beitir spurningum eða öðrum aðferðum til að skapa umræður um tiltekið viðfangsefni. Að þjálfna nemendur í umræðum, tjá sig og hlusta á aðra er mikilvægur þáttur í þessum flokki. Kennari þarf að passa það að nemendur sitji þannig að allir sjái hver framan í annan (Ingvar Sigurgeirsson, 1999b:92-97).

### 3.3. Innlifunaraðferðir og tjáning

**Hlutverkaleikir og sagnalist.** Nemendur „lífna sig inn í“ aðstæður eða tjá sig með einhverjum hætti um fyrirfram ákveðið viðfangsefni. Sagnalist er algengt kennsluform sem krefst þess að flytjandinn hafi góða frásagnarhæfileika. Frásögn hentar oft sem kveikja að nýju viðfangsefni.

**Sjónsköpun** krefst þess að nemendur reyni að sjá fyrir sér ákveðið viðfangsefni í huganum. Í sögu og samfélagsfræði má biðja nemendur að sjá fyrir sér þá atburði, persónur eða umhverfi sem verið er að fjalla um hverju sinni. Gildi sjónsköpunar sem kennsluáðferðar er margþætt, ekki síst til að vekja áhuga nemenda með því að komast í snertingu við viðfangsefnið. Má nota sem kveikju að ýmsum viðfangsefnum. Kennarinn þarf að ná til allra nemenda og geta hrifið þá með sér.

**Hugarflug með leiðsögn** byggist á því að kennarinn fer með nemendur í ferð í huganum. Eftir ferðina eru nemendur hvattir til að deila reynslu sinni með hinum.

**Leikræn tjáning**, nemendur túlka námsefnið með leikrænum hætti. Nemendur eru virkir og þeim er gert kleift að nálgast viðfangsefnið með lifandi hætti (Ingvar Sigurgeirsson, 1999b:98-108). Fjallað er um leiklist sem kennslutæki er stuðlar að sjálfstæði nemenda. Í leiklist er markvisst unnið að því að efla ábyrgðarkennd, frumkvæði, sjálfstæði og umburðarlyndi nemenda og gefa þeim tækifæri á að afla sér þekkingar sem ýtir undir frumlega hugsun og sjálfstæð vinnubrögð (Anna Jeppesen og Ása Helga Ragnarsdóttir, 2004:6).

**Hlutverkaleikir**, sem flokkast undir innlifunaraðferðir, eru taldir mikilvægir í þroskaferli barns. Barnið vinnur úr eigin reynsluheimi með því að setja sig í spor þeirra sem hafa haft áhrif á það. Í hlutverkaleikjum speglast gjarnan viðhorf barns til samfélagsins og kröfur þess. Þegar hlutverkaleikir eru notaðir þarf að hafa í huga þrjú meginatriði: *hver* (hlutverkið þarf að hafa mannlega eiginleika), *hvar* (þær aðstæður og umhverfi sem hlutverkið er í) og *hvað* (þráður eða atburðarás sem hlutverkið er í) (Anna Jeppesen og Ása Helga Ragnarsdóttir, 2004:24). Dewey taldi að hlutverkaleikir væru mikilvægir, því þar væru börn að vinna áfram með reynslu sína, skapa nýja þekkingu og reynslu (Jóhanna Einarsdóttir, 2007:80-83).

### 3.4. Leitaraðferðir

**Leitaraðferðir** eru þær kennsluáðferðir sem byggjast á skipulegri upplýsingaöflun og úrvinnslu. Hópvinnna er oft notuð með þessari kennsluáðferð. Markmiðið er að virkja nemendur, vekja þá til umhugsunar, þjálfa rökhugsun og efla fræðileg vinnubrögð. Kennari þarf að undirbúa hvern tíma vel og vera tilbúinn með verkefni við hæfi. Hann er í raun verkstjóri á svæðinu.

**Lausnaleitarnám** er náms- og kennsluáðferð sem grundvallast á umræðum og þekkingarleit til lausnar á raunverulegum vandamálum. Þessari áðferð er ætlað að stuðla að sjálfstæði í námi og búa nemendur undir að takast á við flókin viðfangsefni og leysa þau. Til þess þurfa nemendur að brjóta mál til mergjar og um leið að afla sér viðbótar þekkingar svo að þeir geti fundið viðunandi lausn. Sú reynsla og þekking á að koma þeim til góða þegar að því kemur að þeir þurfi að leysa sambærileg vandamál í raunveruleikanum. Um er að ræða námsleið sem ætlað er að stuðla að dýpri skilningi á ákveðnu viðfangsefni í stað hefðbundinna efnistaka.

Rannsóknir, spurningalistakannanir og vettvangsathuganir eru dæmi um leitaraðferðir sem notaðar eru í skólum. Nemendur fást við raunverulegar rannsóknir, gera kannanir og taka rannsóknarviðtöl þar sem leitast er við að svara spurningum sem ekki eiga sér ákveðin svör. Internetið hefur breytt miklu í allri upplýsingaöflun. Leitarmöguleikar verða sífellt fjölbreyttari. Heimurinn hefur „opnast“ fyrir nemendum til að afla sér þekkingar (Ingvar Sigurgeirsson, 1999b:124-135).

### 3.5. Hópvinnubrögð

**Hópvinnubrögð** eru í raun samheiti yfir margar kennsluáðferðir sem eiga það sameiginlegt að í stað þess að nemendur vinni einir að lausnum viðfangsefna þá eru þeir að vinna saman í hóp. Aðalmarkmiðið með hópvinnu er að þjálfa nemendur í samvinnu. Ýmis rök má færa fyrir

Því að leggja áherslu á hópvinna í skólastarfi. Þjálfun í að vinna með öðrum er góður undirbúningur fyrir lífið. Í hópvinna þarf að læra að taka tillit til annarra sem hefur vitaskuld uppeldisgildi. Nemendur læra meira í hópvinna, læra margt hver af öðrum. Samvinna stuðlar að jákvæðum viðhorfum til annarra, styrkir félagsleg tengsl innan hópsins og dregur úr líkum á því að nemendur verði útundan. Samstarf við aðra styrkir sjálfsmynd og eflir sjálfstraust. Hópastarf og samvinnunám eru oft sett undir sama hatt (Ingvar Sigurgeirsson, 1999b: 136-138).

### 3.6. Sjálfstæð skapandi verkefni

**Söguaðferðin og þemanám.** Gert er ráð fyrir því að nemendur vinni sjálfstætt og skapandi. Nemendur leysa upp á eigin spýtur umfangsmikil verkefni sem þeir hafa oft valið sjálfir og skipuleggja að einhverju leiti sitt eigið nám. Kennarinn er fyrst og fremst ráðgjafi og leibeinandi. **Þemanám** er viðfangsmikið efni sem gengur þvert á námsgreinar. Hægt er að nota margar námsgreinar þegar skipuleggja á þemanám í skólum. **Söguaðferðin** gefur nemanda mikið frelsi og tækifæri til að setja sig í spor annarra og vinna við fjölbreytileg viðfangsefni. Með söguaðferðinni er hægt að samþætta aðrar námsgreinar. Söguramminn er notaður sem hjálpargagn og kennsluáætlun. Söguaðferðin er kennsluáferð sem gerir miklar kröfur til nemenda um skapandi vinnubrögð. Nemendur leysa upp á eigin spýtur, einir eða í litlum hópum verkefni sem þeir hafa oft valið sjálfir og ákveða að mestu leyti hvernig vinnunni er háttað (Ingvar Sigurgeirsson, 1999b:150-160). Þegar unnið er með söguaðferðinni er þannig reynt að ýta undir fjölbreytt vinnubrögð og einnig vinna nemendur ýmist einir eða í misstórum hópum (Björg Eiríksdóttir, 2008).

Söguaðferðin er ákveðin nálgun á viðfangsefni í gegnum sögu sem nemendur vinna sjálfir. Kennarinn er ekki með beina innlögn í söguaðferðinni heldur er hann meira á hliðarlínunni til aðstoðar. Hann aðstoðar nemendur við námið með því að kanna hvar þeir eru staddir í þekkingu sinni á viðfangsefninu, það gerir hann með því að varpa fram spurningum og greina svörin. Kennarinn setur fram söguramma með lykilspurningum til að ná markmiðum. Spurningarnar verða að vera opnar og leiða nemendurnar áfram í átt að markmiðunum. Eftir umræður um spurningarnar fara nemendur og vinna söguna sína í hópum, paravinnu eða einir og sér. Hlutverk kennarans er að styðja við nemendur ef þeir stoppa í verkefnavinnunni eða villast af leið. Í lokin metur kennarinn verkefnavinnuna og metur hvort markmiðum hafi verið náð (Bell, Harkness og White, 2007).

### 3.7. Aðrir flokkar

**Einstaklingskennsla/ einstaklingsmiðað nám.** Ekki er óalgengt að einstaklingskennslu sé beitt í námsgreinum eins og stafsetningu, skrift og stærðfræði. Hver nemandi lærir síðan á eigin hraða, tekur stöðupróf eftir því sem við á, og keppir að því að ná þeim markmiðum sem sett hafa verið. Kennarinn á að reyna að koma með sveigjanlegum hætti til móts við einstaklingsbundnar þarfir nemenda. Nemendur þurfa því ekki að vera að læra það sama á sama tíma, heldur geta þeir verið að fást við ólík viðfangsefni, misþungt efni, mismunandi námsefni eða unnið hver á sínum hraða, upp á eigin spýtur eða í hópum. Þeir sem halda fram einstaklingsmiðuðum aðferðum leggja yfirleitt áherslu á ábyrgð nemenda á eigin námi og á virka þátttöku þeirra (Ingvar Sigurgeirsson, 2010).

Árangurríkar aðferðir við kennslu sem byggast á einstaklingsmiðuðu námi þurfa að; gera ráð fyrir, viðurkenna og meta mismunandi getu og þroska nemenda og byggja náms- og kennsluáætlanir á þeim grunni. Einnig þarf að gera ráð fyrir fjölbreyttri hópaskiptingu sem hjálpa nemendum að vinna með fjölbreytt námstækifæri og aðstæður (Tomlinson, 2000: 5).

**Fjölþrepakennsla:** Fjölbreyttir og skapandi starfshættir sem taka mið af getu og færni hvers nemanda. Mismunandi verkefni eru notuð til að höfða til ólíkrar getu og færni nemenda með því að flétta saman þrepaskipt verkefni, fjölbreyttar náms- og kennsluáðferðir og með einstaklingsáætlun. Mestu máli skiptir að hver og einn læri á sinn hátt (Rannveig A. Jóhannsdóttir, 2004).

**Kennsluáðferðir í anda fjölgreindarkenningarinnar:** Fjölbreytt kennsluefni til að höfða til mismunandi greindar. Hver einstaklingur hefur sinn eigin styrkleika og kennari þarf að nota fjölbreyttar aðferðir til að allir nemendur geti tileinkað sér viðfangsefnið. Greindirnar átta þurfa að vera í forgrunni þegar kennari skipuleggur kennslu (Dr. Armstong, 1998-2010).

Með fjölbreyttum kennsluáðferðum geta kennarar höfðað til ólíkra þarfa nemenda. Umsjónakennarar þurfa að gera sér grein fyrir styrkleika hvers nemanda fyrir sig. Þannig útbýr kennari nám sem hentar hverjum og einum.

## 4. Umsjónarkennarinn

Í grein Hafþórs Guðjónssonar segir hann að skólastarf snúist um að hjálpa nemendum að læra. Kennarar þurfa að skilja það að nemendur læra með ólíkum hætti og að kennsla snýst ekki

bara um að miðla þekkingu heldur einnig að skapa nemendum námsumhverfi þar sem þeim líður vel og gengur vel að læra á mismunandi hátt (Hafþór Guðjónsson, 2005).

Námsumhverfi nemenda skiptir máli og kennarar þurfa að skapa það umhverfi sem hentar hverjum og einum. Þegar grunnskólalögin eru skoðuð þá stendur þar í grein 24:

*Fyrir hverja bekkjardeild eða námshóp skal skólustjóri velja umsjónarkennara. Umsjónarkennari fylgist náið með námi nemenda sinna og þroska, leiðbeinir þeim í námi og starfi, aðstoðar og ráðleggur þeim um persónuleg mál og stuðlar að því að efla samstarf skóla og heimila (Innanríkisráðuneyti, 2008).*

Umsjónarkennarar eiga að huga að öllum sínum nemendum. Þeir eiga ekki einungis að einblína á bekkinn sem heild heldur að hver einstaklingur skipti máli. Í Aðalnámskrá grunnskóla segir:

*Grunnskólinn skal leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska hvers og eins. Grunnskólar eiga að taka við öllum börnum hvernig sem á stendur um atgeri þeirra til líkama og sálar, félagslegt og tilfinningalegt ásigkomulag eða málþroska.*

*Grunnskólum er skylt að mennta öll börn á árangursríkan hátt. Samkvæmt lögum eiga allir nemendur rétt á námi við hæfi í grunnskólum og sveitarfélögum er skylt að sjá öllum nemendum fyrir viðeigandi námstækifærum (Aðalnámskrá grunnskóla. Almennur hluti, 2006: 14).*

Grunnskólinn á að stuðla að þroska hvers nemenda og er skylda hans að sjá til þess að allir nemendur fái nám við sitt hæfi. Ekki er talað um að kennarar eigi að gera einstaklingsnámská en skólinn á að tryggja það að allir nemendur fá nám við sitt hæfi.

Í 13. grein grunnskólalaga segir að:

*Grunnskóli er vinnustaður nemenda. Allir nemendur grunnskóla eiga rétt á kennslu við sitt hæfi í hvetjandi námsumhverfi í viðeigandi húsnæði sem tekur mið af þörfum þeirra og almennri vellíðan (Innanríkisráðuneyti, 2008).*

Ef horft er í þessi lög þá kemur þar fram að samkvæmt þeim eiga umsjónarkennarar að stuðla að þroska nemenda og búa þeim kennsluvænt umhverfi. Starf umsjónarkennarans er margþætt;

*Að sjálfsögðu er það hlutverk allra kennara að huga að fjölbreyttum og uppbyggjandi kennsluháttum, námi við allra hæfi og að efla félagsþroska nemenda svo eitthvað sé nefnt. Við umsjónarkennarastarfið bætist margt sem kannski ekki leggst á aðra kennara sem dæmi má nefna að vera tengiliður við heimilin, vera í sambandi við*

*annað fagfólk t.d. sálfræðing, hjúkrunarfræðing, námsráðgjafa, halda utan um skráningu nemenda sinna og svo mætti lengi telja* (Umsjónarkennarinn, 2008).

## 5. Skipta kennsluaðferðir máli

Í bókinni; *Aukin gæði náms* (2005) segir:

*Fáum er betur ljóst en kennurum að nemendur eru misafnir að áhuga, hæfileikum, reynslu og vilja. Kennurum er einnig ljóst það mikilvæga hlutverk sitt að gera nemendur að dugandi námsmönnum. Til þess þurfa þeir að vita hvers konar vinnubrögð henta hverjum nemanda og hafa á valdi sínu fjölbreyttar aðferðir til að mæta þörfum allra í bekknum* (Rúnar Sigþórsson, Börkur Hansen, Jón Baldvin Hannesson, Ólafur H. Jóhannsson, Rósa Eggertsdóttir og Mel West, 2005:159).

Kennarar þurfa að skipuleggja kennslu sína vel og gera sér grein fyrir því að með fjölbreyttum kennsluaðferðum er hægt að koma til móts við ólíkar kennsluþarfir nemenda. Í bókinni; *Að mörgu er að hyggja* (1999a) eftir Ingvar Sigurgeirsson segir að val á kennsluaðferðum sé ein afdrifaríkasta ákvörðun sem kennari tekur við undirbúning kennslu. Kennsluaðferðirnar eru fjölmargar og hefur hver sína kosti og sína galla. Engin kennsluaðferð er fullkomin og fjölmargar kennsluaðferðir má útfæra á ólíka vegu. Þegar kennari velur sér kennsluaðferð verður hann að huga að þeim markmiðum sem stefnt er að og einnig hvað hentar honum sjálfum best (Ingvar Sigurgeirsson, 1999a:67).

Hafsteinn Karlsson gerði rannsókn á íslenskum og finnskum skólum. Þar skoðaði hann kennsluaðferðir kennara:

*Helstu niðurstöður eru þær að ríkjandi kennsluhættir, bæði hjá íslensku og finnsku kennurunum, eru fremur hefðbundnir; kennarinn byrjar yfirleitt kennslustundina á smáfyrrlestri og að honum loknum vinna nemendur í vinnubókum sínum. Íslensku kennararnir hafa sumir stigið skref í átt til breyttra kennsluhátta einkum með því að láta nemendur sína vinna eftir eigin áætlunum og þá geta þeir jafnvel verið að vinna í mismunandi námsgreinum í sömu kennslustund* (Hafsteinn Karlsson, 2009).

Í ritgerðinni er einnig talað um að íslenskir kennarar noti fáar kennsluaðferðir í kennslu sinni og þeir sem tóku þátt í rannsókninni sögðust ekki hugsa um hvaða kennsluaðferðum þeir ætla að beita þegar þeir eru að undirbúa kennslustund (Hafsteinn Karlsson, 2009).

Að virkja nemendur í kennslu er mikilvægur þáttur í skipulagi kennarans. Kennarar þurfa að vera með krefjandi námsumhverfi til að hvetja nemendur til að vinna á fjölbreyttan hátt inni í hverri kennslustund. Kennarar í grunnskólum á Íslandi hafa verið fastir í því formi

að vera sjálfir virkir í kennslustundinni en nemendur frekar óvirkir. Kennslan hefst yfirleitt á einhvers konar fyrirlestri og innlögn. Þessi töflufyrirlestur er til að kynna það efni eða þá þekkingu sem viðkomandi námsefni fjallar um. Eftir innlögn tekur við verkefnavinna nemenda. Hentar þetta kennsluform sumum nemendum en ekki öllum (Rúnar Sigþórsson o.fl., 2005:160).

Töflukennsla eða töflufyrirlestur virðist vera algengt form kennsluaðferða. Eru kennarar að hugsa um hag nemenda eða er þetta þægilegt kennsluform sem krefst lítils skipulags af hálfu kennarans en hann er samt virkur. Nemandi situr og hlustar á kennarann og vinnur svo yfirleitt verkefni í tengslum við umræðuna.

## 6. Einstaklingsmiðað nám

*Einstaklingsmiðað nám er þegar unnið er út frá einstaklingnum hans þörfum og getu þegar skilningur er á þörfum og hæfni nemandans, til að vinna í hóp eða einstaklingslega, þegar hjálpuð er ákveðin færni, leikni og skilningur á verkefnum út frá mismunandi getu nemenda. Þegar fjölbreyttum þörfum og getu nemenda í litlum eða stórum hópi er sinnt á mismunandi hátt (Tomlinsson, Carol Ann, 2000:4).*

Einstaklingsmiðað nám er ein af þeim leiðum sem kennarar hafa valið þegar þeir skipuleggja nám og kennslu í skóla án aðgreiningar. Aðaláherslan er að skipuleggja námið út frá nemandanum, námsumhverfinu, kennsluháttum, viðfangsefnum og meginmarkmiðum aðalnámskrár. Fjölbreyttar kennsluaðferðir eru meginhlutverk þess að ná þessum markmiðum. Áhersla er á námsferli og aðferðir sem tryggja árangursríkt nám fyrir ólíka nemendur (Hafdís Guðjónsdóttir og Jóhanna Karlsdóttir, 2009:66).

## 7. Skólarnir þrír

Skoðaðir voru þrír fjölmennustu grunnskólana í Fjarðabyggð. Mér fannst forvitnilegt að skoða hvort skólarnir væru með einhverjar reglur eða stefnu fyrir umsjónarkennara, einstaklingsmiðað nám eða kennsluaðferðir.

### 7.1. Nesskóli Neskaupstað

Á heimsíðu grunnskólans í Neskaupstað sem heitir Nesskóli er að finna helstu markmið skólans;

- að taka tillit til ólíkra þarfa nemenda
- að gera námsumhverfi aðlaðandi

- að leggja áherslu á mikilvægi umsjónarkennarans

Fyrir neðan helstu markið skólans er að finna tillögur um hvernig skólinn nær að uppfylla þessi markmið, þar var þetta meðal annars;

- hvetja kennara til að beita fjölbreyttum kennsluaðferðum
- endurmeta og styrkja starf umsjónarkennarans og gera honum kleift að halda uppi góðu sambandi við foreldra og nemendur
- gefa kennurum kost á fjölbreyttri endurmenntun
- hafa góð og fjölbreytt námsgögn í boði fyrir nemendur og kennara

Einnig segir í stefnu skólans að; „skólinn okkar á að vera menntastofnun þar sem allir fá tækifæri til að afla sér þekkingar og öðlast leikni“ (Heimasíða Nesskóla, 2011).

Nesskóli virðist setja sér góð markmið varðandi fjölbreyttar kennsluaðferðir og að kennarar eigi að taka tillit til ólíkra þarfa nemenda. Tveir stuðningsfulltrúar eru starfandi í skólanum og eru almennt inn í bekk til að aðstoða nemendur.

## 7.2. Grunnskóli Eskifjarðar:

Í starfsáætlun Grunnskóla Eskifjarðar er þetta að finna:

*Skólinn leggur áherslu á rétt nemenda til menntunar. Í öllu starfi okkar reynum við að tryggja að þessi réttur þeirra sé virtur af öllum sem að koma. Þeir nemendur sem auðveldara eiga með nám eiga að geta gert kröfu til meira krefjandi verkefna. Á sama hátt geta þeir nemendur sem hægar fara yfir vænst þess að sérstaða þeirra sé virt. Þeir nemendur sem greindir hafa verið með sértæka námsörðugleika fá aðstoð við nám og próftöku eftir því sem ástæða þykir til hverju sinni (Heimasíða Grunnskóla Eskifjarðar, 2010).*

Undir sérkennslu er þetta að finna;

*Skólinn leitast við að laga starf sitt að þroska og getu allra nemenda, þannig að allir fái kennslu við hæfi. Sérkennsla er liður í að nálgast þetta markmið. Hún er ætluð þeim nemendum sem af einhverjum orsökum þurfa sérstaka aðstoð við nám sitt, í lengri eða skemmri tíma. Áhersla er lögð á að greina stöðu nemandans og vinna síðan út frá einstaklingsnámskrá (Heimasíða Grunnskóla Eskifjarðar, 2010).*

Grunnskóla Eskifjarðar er greinilega annt um ólíkar þarfir nemenda sinna en einungis er talað um einstaklingsnámskrá undir sérkennslu í þessum skóla. Fimm stuðningsfulltrúar eru starfandi í skólanum og eru inn í bekk en einnig taka þeir nemendur stundum út úr kennslustofu. Einn stuðningsfulltrúinn fylgir einum nemanda alveg.



### 7.3. Grunnskóli Reyðarfjarðar

Á heimasíðu skólans er að finna tengil á foreldrasíðunni. Þar segir í skólastefnu skólans að markmið hans sé m.a. að;

- *örva sjálfstæða hugsun nemenda og ímyndunarafl, ýta undir sjálfstæð vinnubrögð og temja þeim að bera ábyrgð á eigin athöfnum og viðfangsefnum.*
- *að nemendur nái sem bestum námsárangri, miðað við getu og þroska hvers og eins, sem verði nemendum hvatning til frekari dáða í námi eða starfi að loknum grunnskóla.*

Einnig er inni á heimasíðunni sérstakur kafli um umsjónarkennara og þar segir m.a. að umsjónarkennari á að;

- *Að fylgjast með og stuðla að alhliða velferð og þroska nemenda.*
- *Hann skal leiðbeina nemendum í námi og starfi innan skólans og fylgjast náið með námslegri stöðu þeirra.*

Einnig er á heimasíðunni sérstakur kafli um stoðþjónustu og þar segir;

*Samkvæmt grunnskólalögum eiga allir nemendur rétt á kennslu við hæfi. Í reglugerð um sérkennslu segir enn fremur: 2. gr. Grunnskólinn skal laga starf sitt að þroska og getu allra nemenda sinna þannig að hver nemandi fái kennslu við hæfi. Því ber að skipuleggja skólastarfið í heild út frá þörfum allra nemenda og skapa námsumhverfi sem hæfir hverjum og einum (Heimasíða Grunnskóla Reyðarfjarðar, 2011).*

Erfitt reyndist að finna upplýsingar á heimasíðu skólans sem sneri að ólíkum þörfum nemanda til náms. En samt er talað um þetta innan stoðþjónustunnar en ekki varðandi starf umsjónarkennarans. Hér kemur hvergi fram að umsjónarkennarar eiga að hafa í huga ólíkar þarfir nemenda, fjölbreyttar kennsluáðferðir né einstaklingsmiðað nám. Var þetta ábótavant á öllum heimasíðunum. En þessi setning fannst mér mjög athyglisverð sem er inn á heimasíðu Grunnskóla Reyðarfjarðar undir stoðþjónustu; *“Einstaklingsnámskrá er gerð fyrir þá sem víkja verulega frá jafnöldrum í námi og fá annað námsefni”* (Heimasíða Grunnskóla Reyðarfjarðar, 2011).

Þrír stuðningsfulltrúar eru starfandi í skólanum og eru þeir ýmist inni í bekk eða taka nemendur út úr kennslustund.

Á heimasíðunum var ekki mikið um að kennarar ættu að útbúa einstaklingsnámskrár en skólarnir þrír eru allir með sameiginlega skólastefnu Fjarðabyggðar inni á sínum heimasíðum. Skólastefna Fjarðabyggðar er sameiginleg stefna allra grunnskólanna sem tilheyra Fjarðabyggð. Leiðarljós um grunnskóla segir m.a. að; *„Að allir nemendur njóti alhliða*

menntunar við hæfi hvers og eins og fái hvatningu til náms í samræmi við þroska sinn og áhuga, samanber áherslur í grunnskólalögum“.

Og að í góðum skólum; „beita kennarar mismunandi kennsluaðferðum, í átt til góðs árangurs, allt eftir stöðu nemenda, aðstæðum og námsefni á hverjum tíma“ (Heimasíða Nesskóla, 2011).


Skólastefna Fjarðabyggðar er kannski ekki nægilega skýr og finnst mér ábótavant að hvergi er þar minnst á einstaklingsmiðað nám.

Stefnur allra skólanna þriggja snúast um að kennarar beiti fjölbreyttum kennsluaðferðum og setji námið upp þannig að það henti hverjum og einum nemenda, en væntanlega er það á ábyrgð hvers skóla fyrir sig hvernig þetta er framkvæmt. Einstaklingsmiðað nám kemur einungis fram innan stoðþjónustu sem skólarnir bjóða upp á.

## 8. Niðurstöður rannsóknar


### 8.1. Skólarnir

**Reyðarfjörður:** Ellefu umsjónarkennarar eru starfandi í grunnskólanum á Reyðarfirði. Átta umsjónarkennarar svöruðu spurningalistanum.




Mynd 1. Svarhlutfall umsjónarkennara í Grunnskólanum á Reyðarfirði.

**Eskifjörður:** Níu umsjónarkennarar eru starfandi í Grunnskólanum á Eskifirði. Sjö umsjónarkennarar svöruðu spurningalistanum. Þar er svarhlutfallið svona:



Mynd 2. Svarhlutfall umsjónarkennara í Grunnskólanum á Eskifirði.


**Neskaupstaður:** Þrettán umsjónarkennarar starfa við Nesskóla en einungis átta svöruðu spurningalistanum.



Mynd 3. Svarhlutfall umsjónarkennara í Nesskóla.

## 8.2. Kynjahlutfall


Ég ákvað að skoða kynjahlutfall þeirra umsjónarkennara sem svöruðu spurningalistanum. Það kemur fram að mjög stórt hlutfall umsjónarkennaranna eru konur eða yfir 80 %.



Mynd 4. Kynjahlutfall.


## 8.3. Undirbúningstími

Megintilgátan mín er sú að kennarar eyða ekki nægilega miklum tíma af undirbúningi sínum í einstaklingsmiðað nám. Langaði mig að sjá hversu miklum tíma á dag kennarar eyða almennt í undirbúning. Eins og sést hér á mynd 5 þá er algengast að kennarar eyði um 2-3 klukkustundum á dag í undirbúning. Staða umsjónarkennara hlýtur að fela í sér margskonar vinnu og því finnst mér þetta vera lágmarkstími hvers umsjónarkennara. Athyglisvert að sjá að 6 kennarar eyða ekki nema 1-2 klukkustundum á dag í undirbúning.




Mynd 5. Undirbúningstími.

Á mynd 6 sést hversu mörgum klukkustundum á viku kennarar eyða í undirbúning. Ánægjulegt að sjá af flestir kennarar eyða meira en 11 klukkustundum á viku sem segir mér það að undirbúningstíminn er nokkuð góður. En aftur á móti eru 7 umsjónarkennarar sem eyða ekki nema 9-11 klukkustundum á viku í undirbúning. 5-9 klukkustundir á viku í undirbúning fyrir umsjónarkennara getur ekki verið ásættanlegt.



Mynd 6. Undirbúningstími.


Á mynd 7 sést hvað umsjónarkennarar gera í undirbúningstímumunum. Hér máttu umsjónakennarar merkja fleiri en eitt atriði. Flestir velja eins og sést; yfirferð námsefnis og skipulag vikunnar sem er fullkomlega eðlilegt varðandi umsjón sem kennari þarf að hafa yfir sinn bekk. Allir umsjónarkennararnir völdu fleiri en eitt atriði í þessari spurningu. Undirbúningur felur greinilega í sér margskonar vinnu en allt of fáir umsjónarkennarar eru að einbeita sér að einstaklingsmiðuðu námi að mínu mati.



Mynd 7. Undirbúningsvinna.

Á mynd 7 er athyglisvert að sjá að 19 kennarar segjast skipuleggja einstaklingsnámskrá. Á mynd 8 svara 16 kennarar því að þeir hafi búið til einstaklingsnámskrá. Kemur fram misræmi í svörunum. Sjö umsjónarkennarar neita því að hafa búið til einstaklingsnámskrá. Ætli kennararnir skilji ekki spurninguna rétt eða gera þeir einhvern greinarmun á spurningunum. Það er erfitt að segja til um það en er þetta athyglisvert.


#### 8.4. Einstaklingsmiðað nám



Mynd 8. Einstaklingsnámskrá.

Á mynd 9 má sjá hverju umsjónarkennarar svara er þeir voru spurðir um það hverjir græða mest á einstaklingsnámskrá. Hér er athyglisvert að sjá að kennarar sjá ekki hag sinn í að búa til einstaklingsnámskrá. Allir velja einstaklinginn sem auðvitað græðir mikið á því að

fá námskrá sem hentar honum. En kennarinn græðir einnig mikið af því að útbúa námskrá sem hentar hverjum og einum. Þeir fá góða yfirsýn yfir hvern nemanda.




Mynd 9. Einstaklingsnámskrá.

### 8.5. Kennsluaðferðir

Ef kennarar eru meðvitaðir um ólíkar þarfir nemenda sinna þá ættu þeir að reyna að skipuleggja sem fjölbreyttastar kennsluaðferðir til að höfða til allra. Því var athyglisvert að spyrja umsjónarkennara hvaða kennsluaðferðir þeir nota helst í sinni kennslu. Notaði ég vef Ingvars Sigurgeirssonar til að telja upp sem flestar kennsluaðferðir (Ingvar Sigurgeirsson, 2010).


## Hvaða kennsluaðferðir notar þú í þinni kennslu



Mynd 10. Kennsluaðferðir sem notaðar eru í kennslu.

Það er athyglisvert að sjá hversu fjölbreyttar kennsluaðferðir umsjónarkennarar velja. En næsta spurning gefur kannski betri mynd af því hvaða kennsluaðferðir þeir nota að staðaldri.

Í næstu spurningu (mynd 11) bað ég umsjónarkennarana að velja tvær helstu kennsluaðferðir sem þeir nota í kennslunni. Samvinnunám er algengasta kennsluaðferðin sem notuð er.



Mynd 11. Helstu kennsluaðferðir.

Samvinnunám er samheiti yfir margar og oft ólíkar kennsluaðferðir sem eiga það sameiginlegt að í stað þess að fela einstaklingum að leysa tiltekin viðfangsefni eru þau falin hópum (Ingvar Sigurgeirsson, 2010). Gaman að sjá að kennarar skipuleggi kennsluaðferðir sem hvetji nemendur til að vinna saman. Ingvar segir að þrátt fyrir áherslu á hópvinubrögð í námskrám, kennsluleiðbeiningum og handbókum fyrir kennara benda rannsóknir til þess að þær séu lítið notaðar í íslenskum skólum (Ingvar Sigurgeirsson, 1999b: 136-138). Eins og kemur fram hjá Piaget þá segir hann að nám þurfi að vera áþreifanlegt. Samræður milli nemenda auka skilning þeirra á náminu og því er mjög gott að vinna í hóp- eða paravinnu (Bell, Harkness og White, 2007:18). Umsjónarkennarar í skólunum þremur virðast nota fjölbreyttar kennsluaðferðir sem er mjög gleðilegt (mynd 10). Kemur það t.d. ekki heim og saman við rannsóknina sem vitnað er í hér framar, sem Hafsteinn Karlsson gerði á íslenskum og finnskum grunnskólum þar segir að íslenskir kennarar noti fáar kennsluaðferðir í sinni kennslu (Hafsteinn Karlsson, 2009).

Ef mynd 11 er skoðuð þá sést að einungis fjórir kennarar völdu einstaklingsmiðað nám sem er mjög sorglegt að mínu mati. Þessar niðurstöður sýna að allt of fáir Umsjónarkennarar horfa á einstaklingsmiðað nám sem góða leið í kennslu.



## 8.6. Fjölgreindarkenning Gardners

Umsjónarkennararnir voru spurðir hvort þeir könnuðust við fjölgreindarkenningu Gardners og svöruðu allir kennarar játandi þeirri spurningu. Þeir voru einnig spurðir hvernig þeir teldu að þeir gætu nýtt sér fjölgreindarkenningu Gardners í kennslunni. Kennararnir áttu að svara á auðar línur og hér koma nokkur svör þeirra:

- Að aðlaga námsefnið að styrkleika barnsins.
- Þeir geta sniðið námsefnið að þörfum nemanda.
- Nýta greind hvers og eins.
- Fjölbreyttar kennsluáðferðir.
- Nálgast þarfir nemanda.
- Hægt að samþætta námsgreinar.
- Kennari fær skilning á því að ekki eru allir nemendur eins og því höfða mismunandi aðferðir til mismunandi einstaklinga.
- Allir fá að njóta sín

Þetta voru helstu atriðin sem kennarar töldu fram í þessari spurningu. Það sýnir að þeir vita um hvað fjölgreindarkenningin snýst og hvernig hún nýtist best í kennslu.

## 9. Samantekt

24 kennarar tóku þátt í rannsókninni þarf af einn réttindarlaus kennari. Undirbúningstími kennara er mikilvægt tækifæri fyrir kennara til að undirbúa námið þannig að það sé einstaklingsbundið. Einstaklingsnámskrá gefur kennurum góða yfirsýn yfir hvað bekkurinn þarf í heildina að læra. Með því að horfa á einstaklingana getur kennarinn fundi verkefni við hæfi til að bæta þekkingu hvers og eins.

Umsjónarkennarar eyða flestir meira en 11 klukkustundum á viku í undirbúning. Þeir sem eyða minni tíma en það eru kannski ekki að nýta undirbúningstímamann sinn rétt. Það má velta því fyrir sér hvort umsjónarkennari sem eyðir 5-7 klukkustundum á viku í undirbúning er ekki að sinna þörfum einstaklingsins (mynd 6).

Umsjónarkennararnir sem tóku þátt voru á því að nemandinn sjálfur græddi mest á því að fá einstaklingsnámskrá (mynd 9). Það er auðvitað mikið til í því en að kennarinn sjálfur græðir einnig mikið á því að vera búin að skoða vel stöðu hvers nemanda þannig að kennslan verði markvissari og betri.

Einstaklingsmiðað nám og hópvinna er eitthvað sem hlýtur að vera góð lausn fyrir umsjónarkennara. Skólarnir þurfa að vera með skýrari reglur um hlutverk umsjónarkennara.

Samkvæmt Piaget þá þarf nám að vera áþreifanlegt og samræður milli nemenda efla skilning þeirra (Bell, Harkness og White, 2007:18). Að láta nemendur vinna saman í hópum eflir skilning þeirra á náminu.

Vygotsky talaði um að þegar börn hafa samskipti hvert við annað tileinki þau sér getu og þrói vitsmunalega hæfni sína. En í samskiptum við fullorðina þróa börn með sér kunnáttu (Johansen og Brynhildsen, 1998:35). Þannig að gott er að blanda saman samvinnunámi og hópavinnu með leiðbeiningum frá kennara. Með ólíkum kennsluaðferðum tryggja umsjónarkennarar að sem flestir nemendur nái að tileinka sér námsefnið. Kennarar þurfa að vita hvers konar vinnubrögð henta hverjum nemanda og þurfa að vera tilbúnir að mæta þörfum allra í bekknum (Rúnar Sigþórsson o.fl., 2005:159). Athyglisvert er að sjá hversu mikill munur er á hve miklum tíma umsjónarkennarar eyða í undirbúning.

Í skýrslu sem unnin var af Menntavísindasviði HÍ segir að;

*Tekið er undir það megin sjónarmið skýrslunnar að borgin beri að standa vörð um gæði þess starfs sem unnið er í leikskólun, grunnskólum og frístundaheimilun, en að jafnframt skuli leita allra leiða til að fara sem best með opinbert fé (Ragnar Þorsteinsson og Ragnhildur Erla Þorsteinsdóttir, 2011).*

Við viljum öll standa vörð um gæði grunnskólana. Nemendur mega ekki finna fyrir því ef sveitarfélagið stendur í hagræðingu. Til eru ýmsar leiðir til að hagræða í skólum. Þessi ritgerð er ekki ætluð sem lausn fyrir sveitarfélagið heldur er hún meðal annars hugsuð sem innlegg inn umræðuna um hagræðingu fyrir skóla landsins.

## 10. Lokaorð

Mín vona er að þessi ritgerð eigi eftir að nýtast ekki bara mér sem verðandi kennara heldur einnig þeim verðandi kennurum sem eiga í framtíðinni eftir að velta fyrir sér hvort einstaklingsmiðað nám borgi sig yfir höfuð. Einnig hvort kennsluaðferðirnar skipti máli. Kennsluaðferðir koma auðvitað ekki í staðinn fyrir manneskju sem er inni í bekknum til að aðstoða nemendur. En fjölbreyttar kennsluaðferðir koma til móts við ólíkar þarfir nemenda og því hagur nemenda ef kennarar hugsa um það.

Kennarinn, kennslan, nemandinn og bekkurinn búa til þá umgjörð sem verður í kennslustofunni. Kennarinn þarf að huga vel að þörfum allra þeirra sem eru inni í kennslustofunni. Vel undirbúinn kennari kemur öruggur inn í kennslustofu og nemendur finna það að það er tilgangur með kennslunni. Fjölbreytileiki í kennsluaðferðum tryggir það að sem

flestir nemendur nái að tileinka sér tiltekna þekkingu. Kennarar mega ekki festast í því fari að nota einungis þær kennsluaðferðir sem eru þægilegar og einfaldar. Verið óhrædd að prófa nýjar leiðir.

*Markmiðið með kennslu er að undirbúa þá ungu til að kenna sjálfum sér það sem eftir er ævinnar.*

*Robert Maynard*

## Heimildaskrá

Aðalnámskrá grunnskóla. *Almennur hluti*. (2006). Reykjavík: Menntamálaráðuneytið. Tekið af netinu 25. febrúar 2011: <http://bella.stjr.is/utgafur/AGalmennurhluti.pdf>

Anna Jeppesen og Ása Helga Ragnarsdóttir. (2004). *Leiklist í Kennslu*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.

Armstrong, Thomas. (2001). *Fjölgreindir í skólastofunni*. Önnur útgáfa. Þýðing og staðfærsla Erla Kristjánsdóttir. Reykjavík. JPV útgáfa.

Bell, S., S, Harkness & G, White. (2007). *Storyline. Past, present & future*. Glasgow: University of Strathclyde.

Björg Eiríksdóttir. (2008). *Söguaðferðin*. Tekið af netinu 24. febrúar 2011: <http://frontpage.simnet.is/storyline/soguaðferd1.htm>

Dr. Armstrong, Thomas. (1998-2010). Heimasíða. Tekið af netinu 3. mars 2011: [http://www.thomasarmstrong.com/multiple\\_intelligences.php](http://www.thomasarmstrong.com/multiple_intelligences.php)

Hafdís Guðjónsdóttir og Jóhanna Karlsdóttir. (2009). Látum þúsund blóm blómstra. Stefnumörkun um skóla án aðgreiningar. *Uppeldi og menntun* (18. árg. 1. hefti). Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Hafsteinn Karlsson. (2009). Kennsluaðferðir í íslenskum og finnskum grunnskólum. *Netla Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Tekið af netinu 1. apríl 2011: <http://netla.khi.is/greinar/2009/001/index.htm>

Hafþór Guðjónsson. (2005). *(Einstaklingsmiðað) NÁM*. *Netla- Vef tímarit um uppeldi og menntun* (16. júní 2005). Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands. Tekið af netinu 21. febrúar 2011: <http://netla.khi.is/greinar/2005/009/index.htm>

Halldór Halldórsson. (2011). Hagræðingaraðferðir eru nauðsynlegar. *Sveitarstjórnarmál* (2 tbl. 71. árg. 2011). Reykjavík: Samband Íslenskra sveitarfélaga.

Heimasíða Fjarðabyggðar. (2010). *Frumvarp að fjárhagsáætlun Fjarðabyggðar 2011*.

Tekið af netinu: 29. apríl 2011:

[http://fjardabyggd.is/media/PDF/fjarhagsaetlun\\_2011\\_grg\\_umr2.pdf](http://fjardabyggd.is/media/PDF/fjarhagsaetlun_2011_grg_umr2.pdf)

Heimasíða Grunnskóla Eskifjarðar. (2010). Tekið af netinu 16. febrúar 2011:

<http://grunnesk.ts.is/>

Heimasíða Grunnskóla Reyðarfjarðar. (2011) . Tekið af netinu 16. febrúar 2011:

<http://www.netskoli.is/stofnanir/files/1448/%C3%9Dmislegt/lei%C3%B0arlj%C3%B3s%202010>

Heimasíða Nesskóla Neskaupstað. (2011). Tekið af netinu 16. febrúar 2011:

<http://www.nesskoli.is/forsida>

Heimasíða Nesskóla. (2011). *Skólastefna Fjarðabyggðar*. Tekið af netinu 16. febrúar 2011:

[http://www.nesskoli.is/is/page/skolastefna\\_fjardabyggdar](http://www.nesskoli.is/is/page/skolastefna_fjardabyggdar)

Ingvar Sigurgeirsson. (1999a). *Að mörgu er að hyggja. Handbók um undirbúning kennslu*. Æskan, kennslu- og fræðirit, Reykjavík.

Ingvar Sigurgeirsson. (1999b). *Litróf kennsluáðferðanna*. Æskan, kennslu-og fræðirit, Reykjavík.

Ingvar Sigurgeirsson. (2010). *Kennsluáðferðavefurinn*. Tekið af netinu 3. mars 2011:

<http://notendur.hi.is/ingvars/kennsluadferdir/litrofsflokkun.htm>

Innanríkisráðuneytið. (2008). Stjórnartíðindi. *Lög um grunnskóla*. Tekið af netinu 18. febrúar 2011:

<http://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?ID=d43fd486-c36f-43b3-be74-8ed4e265dd93>

- Johansen, W. M. og Brynhildsen, A. (1998). Leikur og nám í leikskóla (Guðrún Bjarnadóttir þýddi og endursagði). *Athöfn*. 30 (1), 33-36. Reykjavík: Félag íslenskra leikskólakennara.
- Jóhanna Einaradóttir. (2007). *Lítill börn með skólatöskur: Tengsl leikskóla og grunnskóla*. Reykjavík: Háskólaútgáfan og Rannsóknarstofa í Menntunarfræðum ungra barna.
- Joyce, Bruce og Weil, Marsha og Calhoun, Emily. (2000). *Models of teaching*. (Sixth edition). Boston: Allyn and Bacon.
- Ragnar Þorsteinsson og Ragnhildur Erla Þorsteinsdóttir. (2011). *Skýrsla fyrir Menntavísindasvið HÍ*. Greining tækifæra til samrekstrar og/eða sameiningar leikskóla, grunnskóla og Frístundaheimila (skýrsla). Reykjavík; Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Tekið af netinu 25. apríl 2011;  
<http://www.hi.is/files/u14/Svar%20Mvs%20HI%20til%20Msv%20Rvik%2024-3-2011.pdf>
- Rannveig A. Jóhannsdóttir. (2004). *Heillandi mynd af skapandi skólastarfi*. Ritfregn og dómur um Nemandann í nærmynd. Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun. (Ritdómur birtur 30. desember 2004). Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
- Rúnar Sigþórsson (ritstj.), Börkur Hansen, Jón Baldvin Hannesson, Ólafur H. Jóhannsson, Rósa Eggertsdóttir og Mel West. (2005). *Aukin gæði náms: Skólaþróun í þágu nemenda*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
- Tomlinson, Carol Ann,. (2000). *Leadership for differentiating schools & classrooms*. ASCD. USA.
- Umsjónarkennarinn*. (2008). Heimasíða. Tekið af netinu 3. mars 2011:  
<http://frontpage.simnet.is/ek/umsjonarkennarinn/index.htm>